



SAMRÆMDUR VITNISBURÐUR VIÐ LOK GRUNNSKÓLA

Fundur Skólameistarafélags Íslands, Skólastjórafélags Íslands og
Menntamálastofnunar

20. febrúar 2017 kl. 14.00-16.30

Brynhildur Sigurðardóttir: Hvernig tókst til vorið 2016?



Vitnisburður vísar til Aðalnámskrár

Lokamarkmið 2007

Stefnt að því að nemandi:

- hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við samningu ritsmíða
- kunni að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu
- hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi
- hafi þjálfast í að skrifa helstu textategundir og þekki sérkenni þeirra

Matsviðmið 2013

Nemandi getur:

- A. Beitt **skipulegum og mjög góðum** vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í **röklegt** samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar **af öryggi** og **á skýran** hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af **öryggi** og **fylgt mjög vel viðmiðum** um uppbyggingu texta.
- B. Beitt **skipulegum og góðum** vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar **á skýran** hátt. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af **nokkru öryggi** og **fylgt vel viðmiðum** um uppbyggingu texta.
- C. Beitt **að vissu marki góðum** vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu **sæmilega** og **fylgt viðmiðum** um uppbyggingu texta.

Einkunnir á skilum grunn- og framhaldsskóla

D	C	B	A
<ul style="list-style-type: none">- Ná ekki lágmarks hæfni- Líka merkt sem bókstafur*	Lágmarkshæfni – þarf að gera ráð fyrir meira en 3 árum í framhaldsskóla, taka einhverja áfanga á 1. þrepi	Góð hæfni – tilbúinn á 2. þrep frh.skólans	Framúrskarandi hæfni – komin með hæfni sem myndi flokkast á 2. þrepi frh.skólans

Hvernig vitum við hvað er í gangi?

- Tala fagmenn og skólar saman?
- Hafa grunnskólakennarar næga þekkingu á matsviðmiðum og hvernig þau eru nýtt til að ganga frá lokaeinkunnum?
 - *Hafa þeir fengið þjálfun á vettvangi?*
- Eru matsviðmið í öllum tilfellum skýr og sanngjörn?
- Er samræmdur vitnisburður í takt við einstaklingsmiðað nám?

Ytra mat er nauðsynlegt

- Hver veit hversu langt grunnskólar eru komnir í notkun sinni á matsviðmiðunum?
- Eru skólanámskrár grunnskóla frágengnar eftir breytingarnar síðan 2008?
- Lítið ytra mat hefur verið í grunnskólum undanfarin ár. Nauðsynlegt að auka og bæta.
- Hver er tilgangur samræmdra prófa eftir þær breytingar sem nú eru í gangi?
 - *Tækifæri með rafvæðingu prófanna, en verið er að fækka matsþáttum (ritun út?)*
- Samtal milli skóla er ekki nógu mikið

Úrræði

- Stórefla ytra mat
- Opna gagnabanka svo hægt sé að bera saman vitnisburð grunnskóla
- Setja aftur inn matspróf – nemendur metnir inn á þrep framhaldsskóla (féll niður haust 2016)
- Styrkja samræmd próf og tengja betur námslokum í grunnskólum.